



Alþingi
Erindi nr. P 131/326

komudagur 1.12.2004

Umhverfisnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. nóvember 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum."

Tilv: 2004110018

Bændasamtök Íslands hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu eru nokkrar megin efnisbreytingar frá gildandi lögum. Þar er lagt er til að hlutverk Skipulagsstofnunar verði að gefa álit en ekki að úrskurða um skýrslu framkvæmdaaðila um mat á umhverfisáhrifum. Að málskotsréttur til ráðherra verði þrengdur. Að leyfisveitandi taki afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Að úrskurðanefnd skipulags- og byggingamála verði efl.

Bændasamtök Íslands taka ekki afstöðu til ofangreindra megin breytinga.

Við gerum hins vegar athugasemdir við nokkur önnur atriði en þau eru:

Að við n-lið 3. gr. verði bætt setningunni; "svo og réttahafar er málið varðar." Mikilvægt er að landeigendur og aðrir réttahafar hafi möguleika á að koma að málum á frumstigi og að ekki sé hægt að sniðganga þá algjörlega, eins og nú er hægt að gera, allt þar til kemur að kærumáli vegna þegar útgefins álits Skipulagsstofnunar.

Að c-liður 8. gr. verði felldur út, ásamt sambærilegu ákvæði i 15. gr. Það eru tæplega góðir stjórnsýsluhættir að stofnanir ríkisins setji sjálfum sér reglur og viðmiðanir. Í 15. gr. er ákvæði um reglugerð um framkvæmd á sk. umhverfismati. Með fyrirhugaðri breytingu er verið að leggja til að stofnunin sjálf setji sér reglur. Þarna er því hugsanlega verið að framselja vald ráðherra.

Að í 16. gr. verði skilgreint hversu mikið Skipulagsstofnun má víkja frá annars lögboðnum fresti.


Að í 19. gr. verði áfram miðað við 200 ha svæði við nýræktun skóga, en ekki 50 ha eins og nú er lagt til. Ennfremur vísast til umsagna Landssamtaka skógareigenda og Suðurlandsskóga varðandi það sem snýr að skógrækt.

Að í upphafi 2. mgr. 22. gr. komi aftur fyrra orðalag, þ.e. meiri háttar í stað "öll efnistaka" eins og lagt er til í frumvarpinu. Þessi breyting sem lögð er til í frumvarpinu getur orðið íþyngjandi fyrir bændur ef lagaákvæðum verður fylgt eftir við minniháttar efnistöku og efnisflutning sem oft er nauðsynlegur á bújörðum. Bent skal á að þrátt fyrir þau ákvæði í náttúruverndarlögum að nota hugtakið "öll efnistaka," þá er í lok 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 eftirfarandi ákvæði. "Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr." Þetta ákvæði náttúruverndarlaga þyrfti í það minnsta að komast inn 22. grein ef notað verður hugtakið "öll efnistaka."

Að í síðustu málsgrein 22. gr. verði skýrt kveðið á um að landgræðslu- og skógræktaráætlanir verði í samræmi við aðalskipulagsáætlanir, en ekki deiliskipulagsáætlanir. Eins og setningin er þá kemur ekki fram hvort átt er við aðal- eða deiliskipulag. Að miða við deiliskipulagsáætlanir er óásættanlegt.

Þá bendum við á að í viðauka 2 í lögum nr. 106/2000 koma fyrir tvö nýyrði í íslensku, þ.e. “þauleldi” og “þaulnýting”. Nauðsynlegt er að nýyrðasmíð fylgi ítarleg skýring á merkingu þeirra, því varasamt er að setja nýyrði inn í lög án skýringa. Þegar Búnaðarþing 2000 (Mál: 00020017. Þ.skj.17-3) fjallaði um sama mál, þá fengust ekki skýringar á þessum nýyrðum þótt eftir væri leitað. Því er nauðsynlegt að nota tækifærið nú og útskýra merkingu þeirra rækilega.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson